

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Miðbær Neskaupstaðar, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Í breytingunni felst að breikka fótboltavöllinn í samræmi við nýjar reglugerðir um stærð fótboltavalla og minnka lóð Þórhólsögötu 1 og Þórhólsögötu 6.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Austurhluti Breiðdalsvíkur, nýtt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 20. september 2023 deiliskipulag austurhluta Breiðdalsvíkur. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð, samfélagsþjónustu og opin svæði innan þéttbýlismarka á Breiðdalsvík. Á allra síðustu misserum hefur aukist eftirspurn eftir íbúðalóðum á Breiðdalsvík.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi, Fólkvangur Neskaupstaðar – útivistarsvæði.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. september 2023 breytingu á deiliskipulaginu Fólkvangur Neskaupstaðar – útivistarsvæði. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulagið Fólkvangur Neskaupstaðar sem staðfest var í bæjarstjórn 6. apríl 2017.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040, er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem opið svæði (OP-10).

Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti, skýringaruppdráttum og greinargerð. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum er breytt þannig að skipulagssvæðið minnkar sem nemur skörun við nýtt deiliskipulag snjóflóðavarna við Nes- og Bakkagil.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 20. október 2023.

Aron Leví Beck skipulagsfulltrúi.